



06.08.2024

Sértæk starfsleyfisskilyrði vegna heimsókna hunds í skólastofu í Langholtsskóla

Skilyrðin koma til viðbótar samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla.

Leyfið nær til hunds með örmerkið: 352206000141907

1. Hundurinn skal vera geðgóður, hreinn, heilbrigður og ormahreinsaður.
2. Hundurinn skal hafa tilskilin leyfi samkvæmt þeim reglum sem settar eru í sveitarfélaginu þar sem hann á heima.
3. Hundurinn skal ekki dvelja lengur í húsnæðinu en heimsóknin stendur yfir eða 6 klst.
4. Merkja skal greinilega að hundur sé í húsnæðinu og skulu merkingar vera gestum sýnilegar áður en þeir fara inn í húsnæði Langholtsskóla.
5. Tryggja skal að börn, forráðamenn og starfsfólk sem ekki geta umgengst hunda vegna ofnæmis, sýkingar, ónæmisbælingar eða hræðslu komast ekki í nálægð við hundinn.
6. Hundurinn skal vera með ól og í taumi á meðan hann er í húsnæðinu.
7. Hundurinn skal ávallt vera með starfsmanni.
8. Hundurinn skal vera á afmörkuðu svæði, þar sem heimsóknin fer fram og fara beinustu leið til og frá rýminu þar sem heimsóknin fer fram og ekki fara um önnur svæði skólans. Staðsetning hundsins skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og skal alla jafna vera bundin við ákveðna stofu. Allar breytingar á staðsetningu s.s. tilfærsla á heimastofu hundsins, skulu fá samþykki heilbrigðiseftirlitsins.
9. Þrífa skal svæðið sérstaklega að lokinni hverri heimsókn.